



ERINDISBRÉF NEFNDA

VelferðarFélagsmálanefnd

Stjórnskipuleg staða

VelferðarFélagsmálanefnd heyrir beint undir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Starfsmenn velferðarfjölskyldusviðs starfa með nefndinni. (Fulltrúi úr félagsmálanefnd skal vera fulltrúi bæjarins í þjónustuhópi aldraðra og formaður hans. Þjónustuhópur aldraðra sinnir jafnframt hlutverki öldrunarnefndar í Ísafjarðarbæ.

Tilnefningar velferðarfélagsmálanefndar eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

Nefndin starfar á velferðarfélagsþjónustusviði, sem er undir stjórn sviðsstjóra velferðarfjölskyldusviðs. Eftirfarandi málaflokkar heyra undir nefndina: málefni aldraðra, málefni fatlaðra, málefni innflytjenda, félagsleg þjónusta og sérstakur húsnæðisstuðningurhúsaleigubætur. Nefndin sinnir einnig lögbundnu hlutverki jafnréttisnefndar.

Öldungaráð Ísafjarðarbæjar, sem starfar í umboði bæjarstjórnar, er ráðgefandi við velferðarnefnd í málefnum eldri borgara.

Skipan nefndarinnar

Í velferðarfélagsmálanefnd eiga sæti fimm5 fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, jafnréttislaga nr. 10/2008, laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna nefndarfulltrúa bæjarstjórnar í velferðarnefndfélagsmálanefnd eiga sviðsfélagsmálastjóri og bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Starfsmaður velferðarfjölskyldusviðs ritar fundargerð.

Hlutverk

Hlutverk velferðarfélagsmálanefndar er:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar hvað varðar félagsleg málefni, svo sem félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, jafnréttismál, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, málefni barna og ungmenna og áfengis og vímuefnavarnir,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í félagsþjónustu sveitarfélagsins,
- að vinna tillögur að reglum um nánari útfærslu á einstökum þáttum félagsþjónustunnar,
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga,
- að starfa með velferðarfjölskyldusviði að þeim málum sem undir nefndina heyra,
- að gera tillögur um úrbætur á þeirri starfsemi sem undir nefndina heyrir,
- að upplýsa bæjarbúa um félagsleg réttindi þeirra og skyldur,
- að vera ráðgefandi til bæjarstjórnar í faglegum málefnum þeirra stofnana og deilda sem undir nefndina heyra.

VelferðarFélagsmálanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra stofnana og deilda, sem tilheyra verkswiði nefndarinnar og í félagsmálum almennt. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Meginhlutverk velferðarfélagsmálanefndar er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála. Nefndin setur forstöðumönnum þeirra stofnana sem undir nefndina heyra og starfsfólki á velferðarsviði starfsreglur um afgreiðslu samsvarandi mála.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

VelferðarFélagsmálanefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma að höfðu samráði við bæjarritara.

Nefndin skal halda gerðarbók. Ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitji hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og hvaða afgreiðslu þauð hljótaýtur. Viðkvæm mál skal færa til bókar í sérstaka fundargerðarbók, svokallaða trúnaðarmálabók. Þessar afgreiðslur eru ekki sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Ritari nefndarinnar kemur fundargerðum til bæjarritara sem hefur umsjón með ritvinnslu hennar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður og/eða starfsmaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Dröoos

Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar nefndarinnar.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil í sinn stað og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns og/eða starfsmanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag bæjarins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir velferðarfélagsmálanefnd og ætla má að leynt skuli fara skv. eðli máls eða lögum, hvort heldur sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Starfsmannamál

Nefndin skal fjalla um umsóknir vegna ráðningar sviðsstjóra velferðarfjölskyldusviðs og gera rökstudda tillögu til bæjarstjórnar. Ákvörðun um ráðningu tekur bæjarstjórn. VelferðarFélagsmálanefnd gerir jafnframt tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu á deildarstjórum á velferðarfjölskyldusviði.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfssvið hennar heyrir s.s. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um málefni fatlaðrafatlaðs fólks nr. 59/1992, lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, húsaleigulög nr. 36/1994, lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012, lög um útlendinga nr. 80/2016 og lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016 húsaleigubætur nr. 138/1997. Nefndin skal fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar eins og þau eru hverju sinni og kynna sér

ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og upplýsingalaga nr. 140/2012.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 21. janúar 2016
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.

DRÖG